Fundargerð

382. fundur velferðarráðs Reykjanesbæjar, haldinn að Tjarnargötu 12

11. desember 2019, kl. 14:00

Viðstaddir: Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir formaður, Hrafn Ásgeirsson, Jasmina Crnac, Jónína Sigríður Birgisdóttir, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

**1. Samþætting heimaþjónustu og heimahjúkrunar (2019051289)**

Ása Eyjólfsdóttir, forstöðumaður öldrunarþjónustu Reykjanesbæjar, mætti á fundinn og kynnti framgang verkefnis um samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Verkefnið hefur gengið vel og er verið að leggja lokahönd á skýrslu um samþættinguna.

**2. Regluverk fyrir notendasamráðshópa aldraðra og fatlaðra (2019120096)**

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, gerði grein fyrir stöðu mála varðandi notendaráð í málefnum aldraðra og fatlaðs fólks.

Öldungaráð Reykjanesbæjar hefur þegar tekið til starfa.

Skipaðir hafa verið þrír fulltrúar hagsmunaaðila í notendaráð um málefni fatlaðs fólks en ekki hafa verið skipaðir fulltrúar sveitarfélagsins. Velferðarráð óskar eftir að bæjarráð tilnefni þrjá fulltrúa í notendaráð um málefni fatlaðs fólks.

**3. Framfærsla 2020 (2019120098)**

Málinu frestað.

**4. Starfsáætlun velferðarsviðs 2020 (2019120103)**

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs, kynnti drög að starfsáætlun sviðsins fyrir árið 2020.

**5. Heildarendurskoðun á reglum um félagsþjónustu sveitarfélagsins (2019120104)**

Velferðarráð felur sviðsstjóra að hefja vinnu við endurskoðun reglna um félagslega þjónustu og setja í forgang reglur um þjónustu við fatlað fólk.

**6. Fundargerð aðalfundar öldungaráðs Suðurnesja 26. október 2019 (2019110170)**

Fundargerðin lögð fram.

GB.
HFÞ
JB
JC
HÁ.

**7. Fundargerð öldungaráðs Reykjanesbæjar 28. nóvember 2019 (2019100037)**

Fundargerðin lögð fram.

**8. Fundargerð stjórnar öldungaráðs Suðurnesja 11. nóvember 2019 (2019050525)**

Fundargerðin lögð fram.

**9. Fundargerð samtakahópsins 3. desember 2019 (2019050292)**

Fundargerðin lögð fram.

Velferðarráð lýsir yfir ánægju með þá áherslu sem lögð er á hreyfingu barna og hvetur til þess að haldið verði áfram með þá vinnu.

**10. Mælaborð og tölulegar upplýsingar (2019050519)**

Hera Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs fór yfir mælaborð og tölulegar upplýsingar vegna nóvembermánaðar. Helga María Finnbjörnsdóttir, mannauðsráðgjafi, mætti á fundinn og kynnti nýtt mælaborð.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir